

Gönguleiðin um Leggjabrjót.

Milli Botnsdals í Hvalfirði og Þingvalla, um skarðið er skilur að Botnssúlur og Búrfell, liggur gömul, fjölfarin þjóðleið sem nefnd er Leggjabrjótur. Er nafnið dregið af grýttum urðarhálsi, sem liggur þvert á leið og var fyrrum illur farartálmi. Til forna var leiðin nefnd Botnsheiði en það nafn hefur lítið eða ekki verið notað í seinni tíð, enda ber svæðið milli Hvalfjarðar og Skorradals það nafn nú. Milli staða eru 12-13 km og er leiðin gengin á ca. 5-6 klst. ef farið er í rólegheitum.

Í þessari litlu grein er ætlunin að gefa nokkra lýsingu á leiðinni og næsta nágrenni hennar til hagræðis fyrir forvitinn vegfaranda. Auka um leið þekkingu hans og skilning á því sem fyrir augun ber og um leið gefa betri sýn yfir umhverfið.

Sá kostur var valinn að þræða leiðina að austan til vesturs, því hún er léttari undir fótinn. Hæðarmunur á endastöðvum er all nokkur, því á þingvöllum hefst gangan í um 150 m hæð yfir sjávarmáli, en endar í Botnsdal nærri sjó, og að auki eru brekkurnar upp úr Botnsdalnum miklu brattari.

Það er flestra manna mál að ekki hafi verið unnt að finna heppilegri stað fyrir alþingi en á þingvöllum. Ber þar margt til. Staðurinn er miðsvæðis, greiðar leiðir þangað úr öllum landshlutum, góð hestabeit, vatn við hendina, nægur eldiviður úr skógunum og svo var alltaf veiðivon í þingvallavatni og Öxará.

En þegar menn náguðust sjálfan þingstaðinn breyttust aðstæður. Hraunið var illt yfirferðar og gjárnar miklir farartálmar, ekki síst fyrir þá sem komu úr vesturátt. Um nokkrar leiðir var þó að velja. Þeir sem komu yfir Mosfellsheiði og Dyraveg fóru jafnan Hallveg, en sú leið lá meðfram vatninu. Í jarðskjálftunum 1789 seig landið, gatan fór undir vatn og varð ófær. Þá fóru menn að klóngrast niður Kárastadastíg ofan í Almannagjá. Einhverjar umbætur voru gerðar á stígnum svo hann yrði fær hestum, en heil öld leið áður en klettarnir voru sprengdir, gjáin víkkuð, svo fært var þar niður með vagna.

Þeir sem komu úr Kjósinni og að vestan frá Botnsdal um Leggjabrjót, fóru niður Langastíg. Hann liggur eftir hliðargjá, sem gengur vestur úr Stekkjargjá og fer hækkandi upp á gjárbarminn. Í margar aldir þræluðust menn þar niður með hesta í taumi, en það var ekki fyrr en árið 1830 sem leiðin var lagfærð til muna. Þá var stígurinn sléttaður, steinum rutt úr vegi þannig að baggahestar komust þar um. Norðar voru tvær leiðir færar ofan á vellina. Sú syðri um Tæpastíg þar sem akvegurinn liggur nú og um Leynistíg en um hann liggur vegurinn er stefnir á Ármannsfell.

Þessi stutta upptalning er gott dæmi um hversu forfeður okkar unnu lítið að bættum samgöngum. Það var ekki fyrr en 900 árum eftir stofnun alþingis, sem einhver vinna er lögð í að lagfæra þessar götur og gera þær sæmilega færar. Sömu sögu er að segja um þá leið, sem ætlunin er að kynnast nánar á næstu blaðsíðum.

Við leggjum af stað frá vestari barmi Stekkjargjá, við Langastíg. Sá staður er nokkuð fyrir norðan brúna á Öxará. Þar er bílastæði, varða og hlið á þjóðgarðsgirðingunni. Meðan verið er að tygja sig til göngunnar er sjálfsagt að skreppa niður Langastíg og skoða þessar vegabætur, sem ekki hafa neitt látið undan tímans tönn.

Frá vörðunni er víðsýnt. Þaðan sést vel suður yfir þingvallavatn og allur fjallahringurinn sem umlykur þjóðgarðinn blasir við sjónum. Handan við hina miklu sigdæld, milli Hrafna- og Almannagjár, sem fyrrum mun hafa verið kölluð Bláskógar, rísa móbergsfjöllin Tindaskagi og Hrafnabjörg (765 m y.s.) Þessi fjöll hafa myndast við gos undir jökli. Þar fyrir austan eru eldstöðvarnar er lögðu til það hraun sem þekur nú þingvallasvæðið. Sést greinilega á hinu storknaða hrauni

hvernig eldstraumarnir hafa runnið þaðan til vesturs og suð-vesturs milli og fram með fjöllumunum.

Í norð-austri er Ármannsfell, hátt og mikið um sig (764 m y.s.). Fjallið er kennt við Ármann Dalmannsson sem segir frá í Ármannsögu og þorsteins gála. Hann var maður mikill og "bjó í felli því er Ármannsfell heitir og er skammt frá alþingi á Íslandi". Ármann var mikill vinur vina sinna og bjargvættur þeirra í nauðum. Segir sagan að hann hafi verið góðvinur Bárðar Snæfellsáss, sem verður sagt frá síðar.

Í norðri eru Botnssúlur, hæsta fjall á svæðinu við Faxaflóa, sem ekki er jökli krýnt. Milli þeirra og Ármannsfells er mikil lægð sem nefnist Gangheiði. Sunnan við Botnssúlur er Búrfell, stakt og áberandi. Þar á milli er Öxarárdalur, en um hann liggur fyrirhuguð gönguleið.

Frá Langastíg er stefnan tekin á Gagnheiði. Í krika undir heiðinni er Svartagil, bújörð sem fór í eyði 1973. Fyrrum var þar hjáleiga frá þingvallastað. Gamalt nafn á bænum er Vegghamar. Tvær bújarðir aðrar eru suður frá Svartagili, Brúsastaðir nær og Kárastaðir fjær.

Gönguleiðin frá Langastíg liggur um Kerlingarhraun og yfir smálæk sem kenndur er við Grímngil. Einhversstaðar nálægt þessari litlu sprænu er talið að býlið Grímsstaðir hafi staðið, þótt engar sjáist þar rústir nú. Í Harðarsögu og Hólmverja segir, að Grímur litli hafi keypt land "suður frá Kluptum, er hann kallaði á Grímsstöðum".

Sonur Gríms hét Geir. Grímur ól upp Hörð Grímkelsson, fóstbróður Geirs. Samkvæmt sögunni áttu þeir kappar sín bernskuspor á þessum slóðum. Meira um þá síðar.

Nokkru norðan við Grímngil er annar lækur, sem ber heitið Hrutagil. Þá er komið á bílaslóð. Hún þræðir gömlu hestagötuna vestur Öxarárdalinn og henni skal fylgt. Gömul leið liggur upp brekkurnar frá Svartagili yfir Gagnheiði (um 600 m y.s.), austan við Botnssúlur og Hvalvatn og til efstu bæja í Skorradal og Lundarreykjadal. Þessi leið var nokkuð farin áður fyrir því hún er greiðfær og létt undir fæti.

Innan stundar er komið að kollóttri, ávalri hæð, sem heitir Orustuhóll. Hann er 275 m y.s. Vegurinn liggur í hálfhring um hólinn, því er sjálfsagt er að víkja af götunni og ganga þar upp og litast um. Syðstasúla er nú innan seilingar, brött og skriðurunnin. Austan við Syðstusúlu er Súlnaberg, allmikill bergstallur sem gengur til norðurs. Það er mjög auðvelt að ganga á Syðstusúlu, því mesti hluti leiðarinnar er mjög greiðfær. Er talið að sú ganga taki 3-4 klst. frá Svartagili. Er oftast farið upp á Súlnaberg, austurfyrir fjallið og lokaatrennan hafin þaðan.

Af Gagnheiði og undan Súlnabergi kemur Súlnagil, lækur sem rennur meðfram Orustuhól að austanverðu. Hann sameinast síðar Grímngilslæk. Falla þeir svo ofan í suðurenda Hvannagjár við Tæpastíg og hefur framburður þeirra, m.a. myndað slétturarnar umhverfis þjónustumiðstöðina. Sunnan undir Syðstusúlu eru Fossabrekkur. Þar sprettur upp tært vatn, sem fellur í mörgum smáfossum ofan grasi grónar brekkur og mynda Súlnalæk, sem rennur að lokum í Öxará. Útsýnið af Orustuhól er mikið og fagurt og á björtum góðviðrisdegi er engin tímaeyðsla að staldra þar við um stund og njóta þess er fyrir augun ber.

Frá Orustuhól er stuttur spölur að Öxará sem er sennilega kunnasta á landsins. Hún kemur úr Myrkavatni, sem er dávænt stöðuvatn sunnan undir Leggjarbrjótshæð og fellur um Öxarárdal. Rétt vestan við Orustuhól sveigir áin til suðurs og rennur meðfram brekkunum í átt að Brúsastöðum. Þar snarbeygir hún í austur og fellur ofan í Almannagjá í fossinum, sem allir þekkja. Hann er 9 m hár.

Öxará er 17 km að lengd, og hefur 45 ferkm. vatnasvið. Hún er dæmigerð dragá, ekki mikið vatnsfall að jafnaði en í hana geta hlaupið mikil flóð og hún þá orðið að skaðræðisfljóti. Við túnin á Brúsastöðum er vað á Öxará, sem heitir Norðlingavað. Ekki er vitað um tildrög nafnsins, en þetta var þrautavað þegar áin var í vexti.

En hvaðan kemur þetta nafn á áni? Í Landnámabók segir frá Ketilbirni Ketilssyni inum gamla. Hann kom til Íslands á skipi sínu Elliða í "Elliðaárós fyrir neðan Heiði" (Mosfellsheiði). Hann dvaldi vetrarlangt hjá tengdasyni sínum Þórði skeggja á Skeggjastöðum.

"Um vorið fór hann upp um Heiði að að leita sér landkosta. Þeir höfðu náttból og gerðu sér skála. Þar heitir nú Skálabrekka. En er þeir fóru þaðan komu þeir að á einni er þeir kölluðu Öxará. Þeir týndu þar öxi sinni".

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er til önnur sögn um nafnið og þeim ber ekki saman.

Sagt er sagt frá Jórinni, ungri og efnilegri bóndadóttur úr Sandvíkurhreppi í Flóanum. Þótti hún skapstór mjög. Einhverju sinni var efnt til hestaats þar í sveitinni og atti faðir hennar fram öðrum hestinum. Sá hestur fór halloka. Þá trylltist Jórinn, óð að hinum hestinum og reif undan honum annað lærið. Síðan tók hún sprettinn upp allan Flóa, og er hún kom að Ölfusá, (þar sem nú er Selfoss), þreif hún upp heljarmikil björg, kastaði þeim út í ána og stiklaði þar yfir. Er sagt að hún hafi þá mælt: Mátulegt er meyjastig, mál mun vera að gipta sig. Þaðan hljóp hún upp í Hengil, kom sér fyrir í einum helli og gerðist hinn mesti meinvættur. Réðist hún á búsmala bænda eða sat fyrir ferðamönnum og gerði mikinn usla. Margir reyndu að vinna á henni en árangurslaust, uns einum bóndasyni þar í sveit tókst að laumast í helli hennar um sólarupprás á hvítasunnudagsmorgni og höggva til hennar með öxi. Kom höggið á milli herðablaðanna og varð sárið banvænt. Jóra vaknaði við lagið, brölti úr hellinum niður í vatnið með öxina fasta í sárinu og lét þar líf sitt. Síðar rak axarblaðið upp í á þá sem í vatnið rennur. heitir hún síðan Öxará.

Það var trú manna að vatnið í Öxará væri annarrar náttúru en venjulegt vatn. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er þessi saga:

"Það er sagt, að Öxará verði að víni eina stund á ári hverju. Svo bar við að prestar tveir vöktu á þingvöllum á gamlársnótt. Annar þeirra var ungur maður og var hann að búa til ræðu til nýársdagsins. Hinn presturinn var gamall og sat hann hjá hinum yngra til skemmtunar honum. Um miðnættið þyrsti hinn unga prest ákaflega. Hljóp hann þá með flösku út í Öxará og tók á hana vatn úr áni. En þegar hann kom heim og fór að skoða vatnið sá hann að það var á því vínlitur. Hann saup á flöskunni og fann að það var allrabesta vín á henni. Drukku hún báðir prestarnir úr flöskunni og settu hana svo í gluggann hjá sér. Að litlum tíma liðnum taka þeir aptur flöskuna, og ætla nú að gjöra sér gott af vínropanum, sem eptir var á henni. En þá var hreint og tært vatn á flöskunni. Þeir undruðust þetta mjög og töluðu margt um atburð þennan. Hinn yngri prestur hét að reyna hvernig vatnið yrði í áni um sama leyti næst ár. Leið nú að næstu gamlársnótt. Voru þá prestarnir aptur báðir á fótum, Um miðnættið fer ungi presturinn, eins og fyrr, og sækir á flösku í ána. Þegar hann kom heim, sýndist honum blóðlitur á því sem í flöskunni var. Hann sýpur á og finnur að nú er blóð í flöskunni. Setur hann þá flöskuna frá sér en tekur hana bráðum aptur. Var þá vatn á flöskunni, en ekkert blóð. Þeir

ræddu margt um þetta prestarnir og þykjast nú enn síður skilja í breytingum árinna. En sú var trú manna að þegar Öxará yrði að blóði, þá vissi það á blóðsúthellingu á alþingi. Er það og sagt, að svo fór í þetta sinn að á næst alþingi varð bardagi og mannfali mikið".

Frá Orustuhól liggur vegarslóði vestur Öxarárdal. Hann er akfær fyrir jeppa og aðra fjallabíla en skemmtilegast er að fara fótgangandi hina gömlu leið. Þá gefst betra tækifæri til að skoða nánar ýmislegt sem vekur forvitni.

Eins og fyrr segir liggur Öxarárdalur milli Búrfells að sunnan og Botnssúlna að norðan. Búrfell er ekki mikið fjall (783 m y.s.) en það er auðvelt uppgöngu og af því er ágætis útsýni, einkum til austurs og suðurs. Búrfellsnafnið mun vera eitt algengasta heiti á einstöku fjalli hérlendis. Yfirleitt eru þessi fjöll lítil að ummáli, en flest lík að lögun, kollótt, standa sér og minna á útibúrin fornu, en þangað mun þessi nafngift vera sótt. Samkvæmt lauslegri athugun á korti munu fjöll með þessu nafni vera nærri 40 alls hér á landi, í öllum landshlutum. Auk þess eru nokkur að auki sem hafa Búr- sem fyrri (fyrsta) lið í nafninu.

Botnssúlur eru aftur á móti stærri og hrikalegri á að líta. Talið er að þær séu fornt eldfjall og tindarnir rústir af gömlum gíg. Allir ná þeir 1000 m hæð. Mikil útsýn er af fjallinu og þangað hafa margir lagt leið sína. Syðstasúla er hæst (1093 m y.s.) þangað liggja leiðir flestra sem fjallið sækja heim. Er þá farið norður Súlnaberg og gengið á tindinn að austan. Það mun taka um þrjár klukkustundir að ganga á Syðstusúlu frá Svartagili. Leiðin meðfram Öxará er slétt undir fæti og þægileg til göngu uns komið er að vaðinu á Súla sem er rétt fyrir ofan þar sem hún fellur í Öxará. Súla, lítill lækur að jafnaði, en fer hamförum í leysingum og rigningatið, rennur suður með Leggjabrjóti að austanverðu og á upptök sín í Súldal, en hann er vestan við Syðstusúlu. Í botni hans, í um 700 m h.y.s. er Bratti, skáli Íslenska Alpklúbbsins (ÍSALP), sem byggður var 1984. Félagar klúbbsins höfðu lengi haft augastað á Botnssúlum til æfinga í klifri bæði í bergi og ís. Af miklum dugnaði smíðuðu þeir lítinn skála í Reykjavík og á útmánuðum 1983 var hann fluttur á sleða inn í dalinn og settur þar á grunn, sem gerður hafði verið þar sumarið áður. Daginn sem húsið var flutt þangað voru aðstæður allar hinar erfiðustu, lítill snjór, slydda og erfitt að koma að tækjum. En þetta tókst eftir 12-15 klukkustunda streð. Húsið var lauslega fest á undirstöðurnar, því ætlunin var að fara innan fárra daga til að ganga endalega frá verkinu. En margt fer öðruvísi en ætlað er, því næstu daga gekk hvassviðri yfir landið og þegar ÍSALP-félagar komu inn í Súlnadal í frágangsferðina mætti þeim brak úr húsinu. Hafði húsið fokið um koll í óveðrinu og mölbrotnað.

Ekki létu þeir félagar þetta á sig fá, heldur viðuðu að sér efni á ný, fluttu á áfangastað og byggðu annað hús, sem stendur enn. Með leyfi mun vera unnt að fá lykila að húsinu til gistingar.

Frá vaðinu á Súla liggur gatan upp á Leggjabrjót, stórgrýtta hæð niður undan Súlnadal. Þar er hæsti staður leiðarinnar 467 m y.s. Vestan við Leggjabrjót er Myrkavatn, en úr því vatni rennur Öxará, sem fyrr er frá sagt. Skammt frá vaðinu er falletur slæðufoss í Öxará. Skal mönnum bent á að fylgja ánni upp fyrir fossinn. En þaðan er stuttur spölur að vatninu. Myrkavatn er fallett fjallavatn, nokkuð stórt. Það liggur í 418 m h.y.s.

Leggjabrjótur ber nafn með rentu. Hann er afar stórgrýttur og illfær stórgripum. Því hefur það verið mikil bót, þegar hafist var handa og leiðin rudd, en mikil átök hefur þurft til þess með handaflinu og þeim lélegu verkfærum, sem þá voru tiltæk. Ekki er vitað hverjir unnu það verk eða hvenær. Vel hlaðnar vörður liggja meðfram götunni og vísa veginn.

Þegar komið er ofan af hálsinum liggur illfær kelda þvert á leið. Nefnist hún Biskupskelda, en ekki er vitað um ástæður fyrir þessari nafngift. Keldan hefur verið brúuð með þeim hætti að grjót og mól var borið í hana og hún gerð fær hestum. Það verk hefur verið unnið á síðari tímum því er Jón Þorláksson prestur og skáld á Bægisá (f.1744-d.1819) var þar á ferð í alþingisreið á seinni hluta 18. aldar var brúin ekki komin. Í þeirri ferð skeði það að hryssa, er Tunna hét, lá í keldunni. Var hún undir reiðingi og bar bagga. Er skepnan braust um slitnuðu gjarðirnar og baggarnir losnuðu af. Þá á Jón að hafa kveðið þessa kunnu vísu:

*Tunna valt og úr henni allt,
ofan í djúpa keldu.
Skulfu lönd og brustu bönd
en botngjarðirnar héldu .*

Þegar Biskupskeldan er að baki er stefnan tekin á Sandvatn, annað stöðuvatn á þessari leið. Sandvatnshlíð liggur að vatninu að austan og liggur gatan um hlíðina meðfram strönd þess. Brynjudalsá rennur úr Sandvatni. Stuttur spölur er frá vatninu fram á svonefndar Djúpadalsbrúnir, en þær eru fyrir botni Brynjudals. Þar steypist áin í þremur fossum ofan í dalinn í djúpu gljúfri sem heitir því einfalda nafni Gljúfur. Annað nafn á því er þrengsli. Allt þetta svæði er mjög skoðunarvert.

Frá Sandvatni liggur leiðin örlítið á fótinn upp á Sandhrygg sem tengir saman Múlafjall og Botnssúlur. Af Sandhrygg opnast mikið og fagurt útsýni yfir innri hluta Hvalfjarðar og nágrenni. Er tilvalið að stansa þar um stund og svípast um. Í vestri blasa dalirnir tveir, Botnsdalur og Brynjudalur við sjónum: Milli þeirra er Múlafjall (333 m y.s.) og fjær sést til Hvalfjarðar yfir brúnir þess. Í norðri, fyrir botni Botnsdals, er Hvalfell (852 m y.s.). Það var ísaldarjökullinn sem mótaði þetta land. Fyrnastórir og breiðir skriðjökklar gengu vestur frá meginjöklinum til sjávar þar sem nú er Hvalfjörður og Kjós. Þeir grófu sig niður í hart bergið skófu það og surfu. Þannig mynduðu þeir Brynjudal, Botnsdal og Hvalfjörðinn allan. Hliðarjökull féll fram þar sem nú er Kjósinn, en þvert á stefnu jöklanna, komu minni jökklar. Þeir surfu til litlu dalina sem sjá má í norðurhlíðum Esju og suðurhlíðum Skarðsheiðar. Hvalfell hlóðst upp í gosi undir jökli síðla á ísöld. Fjöll sem verða til við gos undir jökli, úr einum gíg, hafa líka lögun og Hvalfell og Hrafnabjörg. Ástæðan er sú að hraunið getur ekki runnið burtu, heldur hleðst upp, því ísinn stendur fyrir. Gosefnið kólnar því í vatni og breytist í móberg. Nefnast þau stapar. Fyrir þetta gos var Botnsdalur mun lengri, en þar sem fjallið myndaðist í miðjum dal lokaðist dalbotninn. Að baki þess varð til djúp kvos, sem síðar fylltist af vatni. Þar er Hvalvatn.

Þegar hlýna tók í veðri hvarf ísinn og undan honum kom í ljós það land sem nú blasir við augum.

Þótt leiðin liggi ekki að þessu sinni niður í Brynjudal, er ekki úr vegi að kynnast honum lítilsháttar, því þar er af ýmsu fróðlegu að taka.

Landnámabók greinir þannig frá nafngiftinni á dalnum:

"Hvamm-þórir nam land á milli Laxár og Fossár og bjó í Hvammi. Þórir deildi við Ref hinn gamla um kú þá er Brynja hét. Við hana er dalurinn kenndur. Hún gekk þar úti með fjóra tugi nauta og voru öll frá henni komin. Þeir Refur og þórir börðust hjá þórishólum. Þar féll þórir og átta menn hans".

Dalurinn er í góðu skjóli milli Múlafjalls að norðan og Þrándarstaðafjalls og Bollafells að sunnan. En fyrir botni hans gnæfa Botnssúlur. Múlafjallið er hömrum girt nær sjó, en lækkar til austurs og tengist við Sandhrygg með lágum

hálsi, sem nefnist Hrísháls (um 240 m y.s.) þar eru klettabeltin horfin, brekkurnar kjarri vaxnar neðar en ofar lynggróður og grýttar hæðir. Yfir Hrísháls lá aðalleiðin milli dalanna tveggja áður fyrr, enda ólíkt greiðfærari en sú sem farin var meðfram sjónum undir Múlafjalli. Liggur hún að hluta meðfram Laugalæk, sem kemur úr 33 gráðu heitri laug ofarlega í hlíðinni. Jarðhiti mun vera víðar á þessu svæði m.a. í Botnsdal norðanvert í Hríshálsi.

Brynjudalur er stuttur, en undirlendið allmikið, enda var búið þar áður fyrr á fjórum bæjum, Ingunnarstöðum, Hrísakoti, þrándarholti og Skorhaga. Um hann rennur Brynjudalsá til sjávar.

Skömmu áður en hún fellur í Brynjudalsvoginn er klettahaft þvert á leið hennar. Fram af því steypist áin í tveimur fossum. Sá efri heitir Kliffoss, stundum nefndur Skorhagafoss, en sá neðri Bárðarfoss eða Brynjudalsfoss. Nú eru þessir fossar ekki nema svipir hjá sjón, því laxastigar hafa verið gerðir framhjá þeim og þar rennur nú áin að hluta. Við Bárðarfoss voru tveir hellar, Bárðarhellir að sunnar en Maríuhellir að norðan. Fossinn og hellirinn eru kenndir við Bárð Snæfellsáss. Í sögu hans segir svo:

"Oft sveimaði Bárður um landið og kom víða fram. Var hann svo oftast búinn að hann var í gráum kufli og svarðreip um sig, klafakerlingu í hendi og í fjaðurbrodd langan og dígran. Neytti hann og hans jafnan, er hann gekk um jökla. Þess er getið að þeir bræður hafi fundist og sæst heilum sáttum, Bárður og þorkell. Áttu þeir síðan mörg skipti saman og höfðu löngum samvistir saman í Brynjudal í helli þeim er Bárðarhellir er kallaður síðan".

Báðir þessir hellar voru svo djúpir að menn gátu leitað þar skjóls í hrakviðrum eða nýtt þá sér til gagns á annan hátt, m.a. sem skýli fyrir sauðfé í hríðarveðrum. En fara varð að öllu með gát, því þar þótti óhreint og eru af því nokkrar sögur.

Þessa sögu er að finna í þjóðsögum Jóns Árnasonar:

"Enn er það sögn um séra Hallgrím (Pétursson) að hann var á heimferð við þriðja mann sunnan yfir Brynjudalsvoga. Af því flóð fór í hönd, tóku þeir það til ráðs að liggja í Bárðarhelli við fossinn, til þess að fjaraði út um nóttina og rynni úr ánni. Förunautum prests þótti illur fossniðurinn og ýrurnar úr honum inn í hellinn. Annar fylgdarmaður prests lá fremstur og gat ekki sofið, því honum sýndist ófreskja eða óvættur nokkur sækja að þeim og koma inn í hellisdyrnar. Bað hann þá prest að hafa bólaskipti við sig og lét hann eftir. Varð prestur nú var hins sama og förunautar hans. Er þá sagt að séra Hallgrímur hafi kveðið stefjadrápu.... og að ófreskjan hörfaði útúr hellinum við hvert stef, en þokaðist aftur nær á milli uns hún hvarf með öllu".

Báðir hellarnir eru að mestu horfnir. Eiga þar hlut að máli tennur tímans og ekki síður mannanna verk.

Sá tindur Botnssúlna (1096 m y.s.) sem gengur lengst til vesturs er nafnlaus. Hann er beint upp af Sandhrygg. Þaðan er auðvelt að ganga á fjallið, enda leggja flestir leið sína þar upp sem koma frá Botnsdal. Beint í suður frá Hvalvatni er Háasúla (1023 m y.s.). Hún liggur nyrst af tindunum fjórum og er lægst, hrikaleg og illkleif. Um hana liggja mörk Árness- og Borgarfjarðarsýslna.

Hvalskarð er á milli Botnssúlna og Hvalfells. Af Sandhrygg er auðvelt að ganga um skarðið að Hvalvatni. Það er í 386 m h.y.s., að flatarmáli aðeins 4.2 ferkm. 160 metra djúpt, og er næst dýpsta stöðuvatn landsins. Allt að þriðjungur þess er dýpri en 100 metrar. En ekki er allt sem sýnist, því Hvalvatn geymir 267 Gl vatns, og mun vera 8. stærsti vatnsgeymir í landinu utan jökla. Í Hvalvatni er góð silungsveiði. Botnsá fellur úr norð-vestur horni vatnsins, rennur í vestur meðfram Hvalfelli að norðan, beygir svo til suðurs og steypist ofan í dalinn í einum fossi,

Glym. Leiðin umhverfis Hvalvatn liggur með vatnsborðinu, er auðveld yfirferðar og veitir bæði fróðleik og skemmtun. Tveir litlir hellar eru á þeirri leið. Sá minni er í Skinnhúfuhöfða við vatnið austanvert. Segir þjóðsagan að þar hafi tröllkonan Skinnhúfa búið, en um afreksverk hennar fara engar sögur. Norð-austan úr miðju Hvalfelli gengur kletthöfði fram að vatninu. Í honum er Arnesarhellir, sem kenndur er við Arnes nokkurn Pálsson sem átti heima í sveitunum við Hvalfjörð á árunum um og eftir 1750. Hann var bendlaður við þjófnad og hermdu sagnir að hann hefði lagst út og m.a. dvalið um stund í þessum helli. Hvað satt kann að vera í þessu efni skal ósagt látið, því Arnes mun hafa verið einn til frásagnar um búsetu sína þar. Sagt er að síðar hafi fundist í hellinum leifar gamalla beina, hlaðinn bálkur og hornkambur.

Í bókinni Útilegumenn og auðar tóttir segir höfundurinn Ólafur Briem svo:

"Á Jónsmessudag 1951 fór ég ásamt nokkrum mönnum öðrum að skoða hellinn. Neðst í kletthöfða, alveg niðri við vatnið, er gjögur, og inn úr því í meira en mannhæð gengur hellirinn, og suður úr honum, hægra megin við hellisopið gengur afhellir. Aðalhellirinn er um 6x6 m að flatarmáli og 2 til 3 m á hæð. Afhellirinn er um 5 m á lengd og um 2 m á breidd og er manngengur inn til miðs, en lækkar inn við botninn. Í hellinum voru hér og þar smá beinabrot, bæði úr kindum og stórgripum, en engin heilleg bein. Meðal beinanna var eitt, sem greinilega var tálgað í odd. Mest var af beinaleifum við mynni afhellisins, rétt innan við hellisopið. Ekki gátum við séð leifar af bálki né öðrum mannvirkjum. Varla getur leikið vafi á því, að maður hafi einhvern tíma hafzt við í helli þessum."

Hvalfell kann einnig að freista manna til uppgöngu. Best er að ganga á fjallið úr Hvalskarði sem er í um 400 m hæð. Þaðan er mjög gott útsýni, ekki síst til vesturs yfir Botnsdal og út með Hvalfirði.

Frá Sandhrygg, sem er í liðlega 400 m h.y.s. liggur leiðin ofan í Botnsdal meðfram Hvalskarðsánni, sem kemur úr Hvalskarði. Fyrst eru mýrardrög og melar, en er neðar dregur skógi vaxnar hlíðar dalsins. Hvalskarðsá fellur í smáfossjum og flúðum niður hlíðina og í Botnsá. Farvegur árinna og næsta umhverfi er skoðunarvert, ekki síst fossarnir, þótt smáir séu.

Handan dalsins undir hlíðum Hvalfells blasir við höfuðprýði Botnsdals, Stóragil, gljúfrið mikla, sem Botnsáin hefur grafið. Hún fellur ofan í gljúfrið í einu falli, og myndar Glym, hæsta foss landsins (198 m). Af götunni við Hvalskarðsá sést vel efri hluti fossins, þar sem hann steypist fram af bjargbrúninni. Ef gengið er í áttina að honum utan í hlíð Hvalfells sést hann allur. Þá þarf að stikla yfir Hvalskarðsá, sem ætti ekki að vera nein hindrun. Sá krókur borgar sig því sýnin er stórfengleg. En oftast er gengið að Glym frá Stórabotni. Er þá farið upp Svartahrygg eða Glymsbrekkur. Sú leið er engin ofraun venjulegum göngumanni, en við fossinn og gljúfrið verða menn að gæta fyllstu varúðar, því falli menn fram af eru dagar þeirra taldir. Má geta þess að fyrir nokkrum árum hrapaði erlendur ferðamaður til bana fram af fossbrúninni.

Á síðustu árum hafa ungir fullhugar, vel útbúnir, gengið inn gljúfrið alla leið að fossinum. Nokkur hundruð metra leið. Ekki gerist það þrautalaust, því víða eru hindranir í vegi, s.s. hyljir og bergstallar. Einnig er hætta á grjóthruni frá gljúfurveggjunum.